

Ed.

85. Breytingartillögur

[58. mál]

við frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., skulu verðtryggð þannig, að greiðslur vaxta af þeim og afborganir skulu bundnar visitölu byggingarkostnaðar.

Lánstími skal vera allt að 10 ár og vextir 4%—5% eftir nánari ákvörðun ráðherra.

2. Við 3. gr. Niður falli orðin „framtalsskyldu og“.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins eftir ákvörðun Alþingis.